

Róðurinn þyngist hjá sveitarfélögunum

Ársreikningar sveitarfélaganna fyrir árið 2015 benda til þess að rekstur þeirra sé að þyngjast eftir talsverðan bata eftir hrún. Í árslok 2013 voru skuldir flestra á niðurleið og þau sýndu aðhald í rekstri. Miklar launahækkningar hafa reynst þungar í skauti og styrking krónunnar dregur úr tekjum sjómanna, sem aftur lækkar útsvarstekjur, þó að þau áhrif komi einkum fram árið 2016.

Mörg sveitarfélög komu illa út úr hrúnu. Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga setti sumum þeirra úrslitakosti þannig að þau urðu að takast á við vandann. Nú heyrast aftur að sveitarfélögin verði að fá meiri tekjur. Samningar við kennara virðast hafa verið umfram greiðslugetu sveitarfélaganna. Þau fá ekki beinar tekjur af heimsóknnum ferðamanna sem auðvitað reynir á innviði þeirra.

Afkoma margra sveitarfélaga var neikvæð árið 2015. Einkunnir þeirra í mati *Vísendingar* fara heldur lækkandi, þó ekki muni miklu að meðaltali. Á árinu jukust skuldir sveitarfélaganna í heild að raunvirði um 3%.

Mörg lækka í einkunn

Athygli vekur að einungis 13 af 36 stærstu sveitarfélögunum hækka í einkunn. Í þetta sinn fengu 22 sveitarfélög af þeim 36 stærstu meira en fimm í einkunnagjöf hjá *Vísendingu*, eða einu minna en árið áður. Flest sveitarfélögin nota hæstu útsvarsprósentu og því erfitt fyrir þau að bæta fjárhaginn frekar nema með auknu atvinnustigi, fjölgun íbúa, niðurskurði útgjalda eða sölu eigna.

Byggðarlög í vanda

Veik staða nokkurra sveitarfélaga er mjög alvarleg. Hún hefur orðið til þess að þau hafa dregið úr framkvæmdum og einnig leitt til samdráttar í þjónustu. Reykjanesbær hefur verið mikið í fréttum vegna slæmrar stöðu og Fljótsdalshérað er líka mjög skulsett. Skuldahlutföll (skuldir sem hlutfalla af tekjum) er hátt hjá Reykjavík, Kópavogi og



Hafnarfirði, en þetta eru nokkur af stærstu sveitarfélögum landsins. Athygli vekur að tvö sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu, Garðabær og Seltjarnarnes hafa miklu betri tók á sínum fjármálum, en báðir bæirnir hafa lengi verið í fremstu röð í einkunnagjöf *Vísendingar*.

Skuldastaða Reykjanesbæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs og Reykjavíkur er vel yfir 150% af tekjum, sem er lögbodid hámark. Bæjaryfirvöld í Reykjanesbæ tala nú í alvöru um að gjaldþrot vofi yfir sveitarfélaginu. Bæjarfélagið hefur verið undir nánu eftirliti eftirlitsnefndar sveitarfélaga í allmörg ár og úrræði hafa ekki fundist til nauðsynlegra úrbóta. Eftirlitsnefnd sveitarfélaga nefndi í árskýrslu sinni vegna ársins 2014 að Reykjanesbær og Breiðdalshreppur væru í sérstakri umfjöllun. Sveitarfélög sem skulduðu í lok árs 2011 meira en 150% af tekjum sínum fengu allt að 10 ár hjá nefndinni til að ná 150% skuldaviðmiði og því þarf að gera meiri kröfur í rekstri gagnvart þeim. Við framsetningu viðmiða er miðað við lágmarkskröfur og ekki er gert ráð fyrir nema takmarkaðri fjárfestingu, þar sem svigrúm til nýrra fjárfestinga/lántöku hjá þeim sveitarfélögum sem skulda meira en 150% af tekjum sínum, er mun þrengra en þeirra sem skulda 150% og minna. Viðmið fyrir þau sveitarfélög sem skulda minna en 150% af tekjum gerir ráð fyrir óbreyttu skuldahlutfalli þeirra við skoðun á lágmarksviðmiðum, þ.e.a.s. ef sveitarfélag skuldar 100% af tekjum sínum

eru viðmiðin til þess fallin að viðhalda 100% skuldahlutfalli.

Einkunnagjöf

Vísending hefur í mörg ár skoðað fjárhag sveitarfélaga og gefið einkunnir eftir nokkrum þáttum. Slíkt getur auðvitað ekki veitt fullnægjandi svör vegna allra þeirra spurninga sem upp koma um fjárhagslegt bolmagn sveitarfélaganna. Einkunnagjöfin hefur oft vakið eftirtekt og stundum hafa sveitarfélög mótmælt niðurstöðunni á þeim forsendum að hún mæli ekki lífsgæði í sveitarfélögunum. Því er rétt að undirstrika að einkunnagjöfin mælir fyrst og fremst fjárhagslegan styrk sveitarfélaganna. Í tölunum hér á eftir er miðað við rekstrarölur úr ársreikningum sveitarfélaga árið 2015 sem eru nýjustu tölur sem fyrir liggja. Upplýsingaveita Sambands íslenskra sveitarfélaga birtir gögn á Netinu.

Mjög mikilvægt er að líta á heildarskuldir sveitarfélaga þar sem meðtaldar eru skuldir vegna eftirlaunaskuldbindinga og ábyrgðir vegna einkaframkvæmda svo að dæmi séu tekin. Einkafjármögnun framkvæmda naut mikilla vinsælda sumra stjórnmalámana, ekki bara vegna þess að hún sé hagkvæmari en framkvæmdir hins opinbera heldur ekki síður vegna þess að hún kom ekki fram í skuldum. Þetta hefur nú breyst bókhaldslega, en enn tala stjórnmalámennt þó um einkaframkvæmdir, nú síðast í vegamálum.

framb. á bls. 2

1 Hagur sveitarfélaganna fer versnandi í kjölfar dýrra kjarasamninga.

2 Mörg sveitarfélög kvarta undan því að tekjustofnar standi ekki undir útgjöldum.

3 Vestmannaeyjar eru draumasveitarfélagið í ár, í fyrsta sinn.

4 Margir hneykslast á frambjóðanda í forsetakosningunum í BNA, en þriðjungur kjósenda styður hann.

framh. af bls. 1

Hér er alltaf horft á bæjarfélagið í heild en ekki aðeins sveitarsjóð. Þetta er eðlilegt vegna þess að mörg sveitarfélög hafa fært ákveðna þætti út úr sveitarsjóði og eru því ekki sambærileg við önnur sem ekki hafa gert sambærilegar breytingar.

Skuldir

Heildarskuldbindingar sveitarfélaganna í landinu fóru úr 553 milljörðum króna árið 2014 í um 579 milljarða árið 2015 sem er raunmínkun um 2%. Hlutfall heildarskulda (með skuldbindingum) var um 171% af tekjum á ári hjá sveitarfélagunum í heild, en var 177% árið áður. Skuldir sveitarfélaganna jukust því minna en tekjur og staðan batnaði miðað við þennan mælikvarða.

Lengi vel hefur mælikvarðinn skuldir á íbúa verið talinn gefa góða vísbendingu um fjárhagslega stöðu sveitarfélags. Í árslok 2015 var þessi mælikvarði um 1.750 þúsund krónur á mann sem er 50 þúsund krónum hærra en árið áður. Að raungildi er það aukning um rúmlega 1%. Nettóskuldir, þ.e. skuldir að frádrægnum veltufjármunum voru 490 milljarðar króna í árslok en voru 480 milljarðar króna árið áður. Fyrst og fremst er horft á nettóskuldir á íbúa. Nokkur sveitarfélög eiga talsverðar peningaeignir og er eðlilegt að tekið sé tillit til þess þegar horft er á stöðuna.

Skuldugasta sveitarfélagið samkvæmt þessum mælikvarða (sjá töflu 2) er Reykjanesbær með 2,6 milljónir króna í skuld á íbúa og hefur aukist um 100 þúsund krónur frá fyrra ári. Í höfuðborginni eru nettóskuldir um 2,1 milljón á íbúa og hafa þær aukist. Sandgerði, Fjarðabyggð, Fljótsdalshérað og Norðurþing eru öll með nokkuð miklar skuldir á íbúa.

Skuldahlutfall segir þó ekki alla söguna. Sum sveitarfélög hafa staðið í miklum framkvæmdum og vænta þess að fá meiri tekjur til baka en hin. Einnig má horfa á hlutfall skulda af tekjum ársins. Hlutfallið sýnir hversu lengi sveitarfélögin væru að borga skuldir sínar ef þau þyrftu ekkert að sinna rekstri eða nýjum framkvæmdum. Í einkunnagjöf er miðað við að hlutfallið sé ekki hærra en 100%. Eftirlitsnefndin hefur miðað við að hlutfallið fari ekki yfir 150%. Hjá tveimur sveitarfélögum er hlutfallið sem fyrr segir hærra en 200% í árslok 2015 (sjá töflu 2) sem er mjög alvarlegt veikleikamerki.

Fólksfjöldi

Sveiflur hafa verið í mannfjölda að undanfögnu. Fólki fjölgaði um rúmlega 1,0% á árinu 2015 og 1,2% árið 2014. Fækkun ber það með sér að íbúarnir telji að betra sé að búa annars staðar og getur verið til vitnis um

Tafla 1: Einkunnir 36 stærstu sveitarfélaganna 2014-2016

Röð 16	Röð 15	Röð 14	Bæjarfélag	Eink.16	Eink.15	Eink.14	Meðaltal
1	8	6	Vestmannaeyjar	8,2	7,0	6,9	7,4
2	3	4	Grindavíkurbær	8,1	8,0	7,1	7,7
3	6	5	Fjallabyggð	7,5	7,1	6,9	7,2
4	2	2	Garðabær	7,3	8,1	8,7	8,0
5	5	19	Hornafjörður	7,2	7,3	5,7	6,4
6	7	7	Snæfellsbær	7,1	7,1	6,9	7,0
7	4	3	Bláskógabyggð	7,1	7,5	7,4	7,2
8	1	1	Seltjarnarnes	7,1	9,0	9,3	8,4
9	13	9	Akureyri	6,7	6,4	6,8	6,7
10	15	16	Fjarðabyggð	6,5	6,3	6,1	6,3
11	12	8	Húnaþing vestra	6,4	6,6	6,9	6,6
12	10	10	Rangárþing ytra	6,3	6,8	6,6	6,4
13	27	30	Borgabyggð	6,2	4,2	4,0	5,1
14	24	34	Stykkishólmur	6,1	4,8	3,5	4,8
15	16	14	Eyjafjarðarsveit	6,1	6,3	6,4	6,2
16	14	13	Akranes	6,0	6,3	6,4	6,2
17	23	25	Garður	5,9	5,3	4,6	5,2
18	19	18	Rangárþing eystra	5,6	5,9	5,7	5,6
19	11	12	Dalvíkurbyggð	5,5	6,8	6,5	6,0
20	18	21	Vogar	5,4	6,0	5,4	5,6
21	21	22	Hveragerði	5,2	5,6	5,1	5,1
22	9	11	Ölfus	5,2	3,4	6,5	5,9
23	20	23	Vesturbyggð	4,7	5,8	5,0	4,8
24	31	28	Mosfellsbær	4,6	3,9	4,3	4,4
25	26	15	Árborg	4,4	4,4	6,2	5,3
26	35	33	Norðurþing	4,4	3,4	3,9	4,1
27	17	24	Þingeyjarsveit	4,3	6,9	4,9	4,6
28	28	20	Ísafjarðarbær	4,3	4,2	5,5	4,9
29	33	29	Kópavogur	4,1	3,9	4,2	4,1
30	22	17	Reykjavík	4,1	5,5	5,9	5,0
31	36	27	Hafnarfjörður	3,6	3,0	4,5	3,7
32	25	31	Sandgerði	3,6	4,6	4,0	3,8
33	30	32	Reykjanesbær	2,8	4,0	3,9	3,6
34	34	35	Fljótsdalshérað	2,7	3,4	2,9	2,8
35	32		Bolungarvík	2,6	3,9	4,9	3,7
36	29	26	Skagafjörður	2,4	2,4	4,0	3,0

Heimild: Útreikningar Vísbindingar.

að ekki sé allt eins og best verður á kosið í sveitarfélaginu sem fækkar í. Það er heppilegt að fólksfjöldi aukist hóflega. Ef hann eykst of hratt er hætt við að erfitt verði að veita öllum nýju íbúunum þjónustu strax. Gatnagerð og aðrar framkvæmdir vegna nýbygginga geta líka komið niður á fyrri íbúum.

Tekjur og afkoma

Tekjur sveitarfélaganna á íbúa eru nokkuð mismunandi. Mestar eru þær í Fjarðabyggð, Vesturbyggð og Norðurþingi. Tekjurnar eru innan við 800 þúsund krónur á íbúa í

Kópavogi, Seltjarnarnesi og Hafnarfirði. Það er að sjálfsögðu ekki markmið í sjálfsú sér að sveitarfélög afli mikilla skatttekna, en á næstunni er augljóst að sveitarfélög verða mörg bæði að draga úr þjónustu og fullnýta skattstofna.

Eðlilegt má telja að afgangur af rekstri sé nálægt 10%. Reksturinn skiladi almennt lakari afkomu árið 2015 en árið áður.

Útsvarsprósenta var víðast 14,52%. Ekki er hægt að segja að mikil fjölbreytni sé í útsvarsprósöntunni árið 2015. Lægst var hún hjá stærri sveitarfélögum 13,70% í Garðabæ

og á Seltjarnarnesi. Vestmannaeyjar voru með 13,98% og Grindavík 13,99%.

Draumasveitarfélagið

Í umfjöllun sinni um sveitarfélög hefur *Vís-bending* útnefnt draumasveitarfélagið, en það er það sveitarfélag sem er best stutt fjárhagslega samkvæmt nokkrum mælikvörðum (sjá skilgreiningar hér á eftir).

Einkunnagjöfin endurspeglar erfitt árferði. Einkunnir þeirra hæstu eru lægri en verið hefur. Nýtt sveitarfélag nær á toppinn, Vestmannaeyjar með einkunnina 8,2. Vestmannaeyjar hafa verið að borga niður skuldir og hafa lækkað útsvarsprósentuna. Grindavík er í öðru sæti með 8,1 og Fjallabyggð í því þriðja með 7,5. Þau sveitarfélög sem lengst af hafa verið á toppnum, Garðabær (7,3) og Seltjarnarnes (7,1) eru nú í 4. og 8. sæti.

Vestmannaeyjar eru því draumasveitarfélagið í ár. Seltjarnarnes hefur verið draumasveitarfélagið undanfarin tvö ár og Garðabær var draumasveitarfélagið fjögur ár í röð, 2010-2013.

Nokkur sveitarfélög fá yfir 7,0. Þau eru Hornafjörður, Snæfellsbær og Bláskógabyggð. Í töflu 1 má sjá einkunnagjöfina undanfarin þrjú ár. Einstaka óvenjuleg útgjöld eða tímabundin staða geta ruglað einkunnagjöfina, en ólíklegt er að það standi lengi. Meðaleinkunn þriggja ára jafnar slíkt út.

Á botninum eru Reykjanesbær (2,8), Fljótshálsa (2,7), Bolungarvík (2,6) og Skagafjörður (2,4). Staða allra þessara sveitarfélaga er mjög þröng.

Horfur

Skuldir margra sveitarfélaga hafa lækkað. Eftirlitsnefnd með fjárhag sveitarfélaga hefur sett sér það viðmið nú að heildarskuldir og skuldbindingar sveitarfélags þurfi að vera undir 150% af heildartekjum og stefnt verði að enn lægra hlutfalli. Mörg sveitarfélög eru enn fjarri því markmiði og sem fyrr segir kvarta mörg þeirra undan miklum útgjaldaauka vegna kjarasamninga. Nauðsynlegt er að sveitarfélög haldi áfram að stækka með sameiningu. Hagur sveitarfélaganna helst í hendur við afkomu almennings. Því hjálpar það auðvitað líka sveitarfélögunum ef laun hækka, en gallinn er sá að laun starfsmanna sveitarfélaganna hækka meira en laun almennt.

Forsendur draumasveitarfélagsins

1) **Skattheimtan** þarf að vera sem lægst. Sveitarfélög með útsvarshlutfallið 13,70% fá 10 og sveitarfélög með hlutfallið 14,52% fá núll. Skalinn er í réttu hlutfalli þar á milli.

Tafla 2: Skuldir og tekjur á mann í stærstu bæjarfélögum (þús kr.)

Bæjarfélag	Skuldir á mann	Tekjur á mann	Skuldir /Tekjum
Fljótshálsa	2.410	1.077	224%
Reykjanesbær	2.600	1.205	216%
Hafnarfjörður	1.377	756	182%
Sandgerði	1.928	1.067	181%
Reykjavík	2.121	1.187	179%
Kópavogur	1.226	761	161%
Bolungarvík	1.587	996	159%
Norðurþing	1.829	1.212	151%
Ísafjarðarbær	1.625	1.091	149%
Árborg	1.239	876	141%
Fjarðabyggð	1.672	1.247	134%
Skagafjörður	1.368	1.085	126%
Mosfellsbær	1.124	907	124%
Borgarbyggð	1.181	981	120%
Stykkishólmur	1.126	1.051	107%
Rangárþing ytra	959	921	104%
Vesturbyggð	1.298	1.264	103%
Akranes	790	863	92%
Garðabær	748	825	91%
Akureyri	973	1.142	85%
Ölfus	831	998	83%
Snæfellsbær	810	1.229	66%
Vogar	554	845	66%
Dalvíkurbyggð	630	1.010	62%
Fjallabyggð	621	1.134	55%
Þingeyjarsveit	548	1.008	54%
Vestmannaeyjar	384	1.016	38%
Hornafjörður	389	1.059	37%
Bláskógabyggð	401	1.159	35%
Rangárþing eystra	288	827	35%
Húnaþing vestra	343	1.094	31%
Seltjarnarnes	117	754	15%
Eyjafjarðarsveit	99	871	11%
Garður	72	822	9%

Heimild: Hagstofa Íslands

2) **Breytingar á fjölda íbúa** þurfa að vera hóflegar. Fjölgun á bilinu 1,6 til 3,6% gefur 10 og frávik um 1% frá þessum mörkum lækka einkunnina um einn heilan.

3) **Afkoma sem hlutfall af tekjum** á að vera sem næst 10%, sem gefur einkunnina 10. Dreginn er frá 1 fyrir hvert prósentustig sem sveitarfélag er fyrir neðan 10% hlutfall. Dreginn er einn þriðji frá 10,0 fyrir hvert prósentustig yfir 10%.

4) **Hlutfall nettóskulda af tekjum** sé sem næst 1,0. Frávik um 0,1 yfir þessu hlutfalli lækkar einkunnina um 1,0 frá einkunninni

10. Frávik um 1,0 fyrir neðan þetta hlutfall lækkar hana um 0,2. Ef skuldir eru mjög litlar getur það bent til þess að sveitarfélagið haldi að sér höndum við framkvæmdir. Þetta er breyting. Áður var miðað við 0,5.

5) **Veltufjárhlutfall** sé nálægt 1,0 (sem gefur 10) þannig að sveitarfélagið hafi góða lausafjárstöðu en hafi ekki of mikla peninga í lélegri ávöxtun. Frávik um 0,1 neðan við hlutfallið gefur 1 í frádrátt. Frávik um 0,1 fyrir ofan hlutfallið gefur 0,5 í frádrátt. Hlutfall yfir 2,0 gefur einkunnina 5. **V**

Allir þessi þættir gilda jafnt.

Þú værir í fangelsi

Flestum finnst dapurlegt að fylgjast með kosningabaráttunni í Bandaríkjunum. Þegar maður heldur að Trump hafi náð botninum sekkur hann dýpra. Hann vakir um nætur og sendir út tíst um það hversu vitlausir og óhæfir samherjar hans eru og hve mikill glæpamaður Hillary er. Íslendingar þekkja vel að áfengi og samfélagsmiðlar eru ekki góð blanda, en Trump mun hafa haldið sig frá áfengi allt sitt líf, þannig að ekki er það skýringin. Fréttaskýrendur af lakari gerðinni töldu hann sjúga mikið upp í nefið í kappræðum vegna kókaín neyslu, sem sýnir að hann er ekki einn um sérstæðar kenningar. Nú hefur hann lagt til lyfjapróf fyrir frambjóðendur, eins og um kappleik sé að ræða!

Trump heldur því blákalt fram að svindlað verði í kosningunum, einkum í kjördeildum þar sem svartir kjósendur eru í miklum meirihluta. Það mun auðvitað koma mjög á óvart ef í ljós kemur að þessi mikli mannréttindafrömuður fær lítið fylgi meðal svartra kjósenda, svo ekki sé talað um þá sem eru upprunnir í Mexíkó. Öllum þykir gaman að láta kalla sig afætur og nauðgara. Frambjóðandinn stærir sig af því að áreita konur kynferðislega og kallar svo þær konur sem staðfesta sögu hans lygara.

En vandinn er kannski ekki bara Trump. Hann er kosinn af stórum hluta fylgismanna Repúblikana til þess að vera frambjóðandi flokksins. Tugþúsundir mæta á fundi hans þar sem hann segir nánast það sem honum dettur í hug, án nokkurra tengsla við raunveruleikann. Sú hugmynd hvarflar að manni að allt framboðið sé einkennilegt grín einhvers háðfugls. Hver trúir því að helmingur kjósenda (eða þó að það verði þriðjungur) vilji ófgamann sem forseta? Á kjördag stökkvi svo stjórnandinn fram og sýni alheiminum falda myndavél.

Með framferði sínu hefur Trump skert siðferðisvitund almennings og fréttaskýrenda. Það tók hálf tíma fyrir spekingana sem fjölluðu um kappræðurnar að þeim loknum að nefna að Trump hefði hóttað því að setja Hillary í fangelsi. Einnhvern tíma hefði kjósendum brugðið við að heyra frambjóðenda sem vill verða leiðtogi hins frjálsa heims segjast ætla að fangelsa andstæðing sinn. *bj*

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Benedikt Jóhannesson
Útgefandi: Heimur hf., Borgartúni 23, 105 Rvík.
Sími: 512 7575.
Netfang: benedikt@heimur.is.
Prentun: Heimur. Upplag: 700 eintök.
Öll réttindi áskilin. © Ritíð má ekki afrita án leyfis útgefanda.

Tafla 3: Íbúafjöldi í stærstu bæjarfélögum

Bæjarfélag	2013	2014	2015	Breyting
Reykjavík	119.764	121.230	121.822	0,5%
Kópavogur	31.726	32.308	33.205	2,8%
Hafnarfjörður	26.808	27.357	27.875	1,9%
Akureyri	17.966	18.103	18.191	0,5%
Reykjanesbær	14.231	14.527	14.924	2,7%
Garðabær	13.872	14.180	14.453	1,9%
Mosfellsbær	8.978	9.075	9.300	2,5%
Sveitarfélagið Árborg	7.826	7.889	8.052	2,1%
Akranes	6.625	6.699	6.767	1,0%
Fjarðabyggð	4.629	4.675	4.747	1,5%
Seltjarnarnes	4.322	4.381	4.411	0,7%
Vestmannaeyjar	4.221	4.264	4.272	0,2%
Sveitarfélagið Skagafjörður	4.010	3.978	3.910	-1,7%
Ísafjarðarbær	3.748	3.639	3.629	-0,3%
Borgarbyggð	3.469	3.535	3.539	0,1%
Fljótsdalshérað	3.434	3.463	3.454	-0,3%
Grindavíkurbær	2.860	2.888	2.995	3,7%
Norðurþing	2.864	2.822	2.806	-0,6%
Hveragerði	2.291	2.333	2.384	2,2%
Sveitarfélagið Hornafjörður	2.166	2.167	2.150	-0,8%
Fjallabyggð	2.012	2.010	2.037	1,3%
Sveitarfélagið Ölfus	1.900	1.906	1.885	-1,1%
Dalvíkurbyggð	1.864	1.867	1.861	-0,3%
Rangárþing eystra	1.735	1.708	1.749	2,4%
Snæfellsbær	1.722	1.691	1.679	-0,7%
Sandgerði	1.581	1.609	1.580	-1,8%
Rangárþing ytra	1.518	1.553	1.548	-0,3%
Sveitarfélagið Garður	1.429	1.409	1.425	1,1%
Húnaþing vestra	1.177	1.173	1.171	-0,2%
Stykkishólmur	1.112	1.095	1.107	1,1%
Sveitarfélagið Vogar	1.105	1.127	1.102	-2,2%
Eyjafjarðarsveit	1.012	1.026	1.032	0,6%
Vesturbyggð	941	949	1.002	5,6%
Bláskógabyggð	897	931	961	3,2%
Bolungarvík	918	950	923	-2,8%
Þingeyjarsveit	914	917	920	0,3%
Grundarfjarðarbær	905	872	900	3,2%

Hverjir eru bestir?

Garðabær og Seltjarnarnes eru í algjörum sérflokk þegar kemur að útnefningu draumasveitarfélagsins. Garðabær hefur sex sinnum hlotið hnossið og Seltjarnarnes átta sinnum alls. Þau hafa líka oft verið í öðru sæti og þannig skera þau sig úr öðrum sveitarfélögum á þessu tímabili. Niðurstaðan hefur verið sem hér segir:

1996 Selfoss	2008 Seltjarnarnes
1997 Akureyri/Seltjarnarnes	2009 Snæfellsbær
1998 Seltjarnarnes	2010 Garðabær
1998 Seltjarnarnes	2011 Garðabær
2000 Seltjarnarnes	2012 Garðabær
2001 Seltjarnarnes	2013 Garðabær
2002 Ölfus	2014 Seltjarnarnes
2006 Garðabær	2015 Seltjarnarnes
2007 Garðabær	2016 Vestmannaeyjar

Á árum áður var algennt að sveitarfélög kvörtuðu undan slæmri niðurstöðu úr greiningu *Vísendingar*. Oftar en ekki voru það sveitarfélög sem síðar hafa farið í gegnum mikla erfiðleika. Eftir að eftirlitsnefndin hóf sín störf og varð sýnileg hafa kvartanir af þessu tagi að mestu horfið. Auðvitað á ekki að leggja of mikið upp úr minniháttar mun á einkunnum, en þær gefa þó góða hugmynd um almennan fjárhagslegan styrk sveitarfélagna og stjórn á fjármálunum.